**149. löggjafarþing 2018–2019.**
**Þingskjal 907 — 386. mál.**

# Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um útgáfu á ársskýrslum.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hvaða stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir ráðuneytið gefa út ársskýrslu á pappírsformi og hver var kostnaðurinn sem lagðist á ráðuneytið vegna þessa árið 2017?*

Af stofnunum sem heyra undir ráðuneytið hefur einungis lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu prentað út 20 eintök af ársskýrslu sinni til að senda á aðrar stofnanir. Enginn kostnaður lagðist á ráðuneytið vegna þessa.